



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. október 2019

Efni: Tillögur og ábendingar vegna einföldunar regluverks
Tilv. 201910-0028

Bændasamtök Íslands fagna áformum og þeirri vinnu sem nú er hafin við að einfalda starfsumhverfi og regluverk atvinnulífsins. Það er einkar jákvætt að haft skuli viðtækt samráð og vilji stjórnvalda standi til þess að auka skilvirkni, einfalda og draga úr kostnaði.

Árið 2016 kom út skýrsla sem var niðurstaða starfshóps sem skipaður var fulltrúum landbúnaðarráðuneytis og Bændasamtaka Íslands. Skýrslan sem gerð var í kjölfar búvörusamninga í upphafi árs 2016 fjallaði um með hvaða hætti treysta mætti innviði og búsetuskilyrði í dreifðum byggðum. Þar er að finna ýmsar tillögur og áherslur sem þegar hafa komið til framkvæmda eða eru í vinnslu.

Eftir er þó að skoða nánar tillögu um breytingar á eftirliti með atvinnustarfsemi. Þar er lagt til að í hverjum landshluta verði ein rekstrareining sem hafi með höndum eftirlitsverkefni sem heyra nú undir hina ýmsu eftirlitsaðila s.s. Matvælastofnun, heilbrigðiseftirlit, eldvarnaeftirlit, Vinnueftirlitið o.fl. og gegni viðkomandi rekstrareining samræmingarhlutverki. Með þessu mætti auka skilvirkni, draga úr kostnaði, bæði fyrir þá sem annast eftirlitið og þá sem starfrækja eftirlitsskylda starfsemi.¹

Á þeim stutta tíma sem liðinn er síðan kynnt voru áform atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis varðandi einföldun á starfsumhverfi atvinnulífs hafa Bændasamtök Íslands sent út stutta kynningu á verkefninu til aðildarfélaga sinna og óskað eftir viðbrögðum. Ljóst má vera að ekki hefur verið svigrúm til að rýna alla málaflokka af nákvæmi. Ber því að líta á meðfylgjandi ábendingar sem fyrstu skref í verkefninu. Vænta má þess að fleiri ábendingar berist eftir því sem verkinu vindur fram. Hér á eftir fylgja ábendingar sem borist hafa frá aðildarfélögunum.

Félag eggjaframleiðenda / Félag kjúklingabænda

Innflutningur frjóeggja til Íslands, útgefið leyfi til innflutnings

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið fer með yfirstjórn mála samkvæmt reglugerð nr. 135/2015. Lagt er til að Matvælastofnun annist eftirlit og gefi út leyfi til innflutningsaðila, fyrir

¹ <https://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneyti-media/media/acrobat/161021-skyrsla-um-innvidi-og-busetu-i-sveitum.pdf>



innflutningi frjóeggja samkvæmt reglugerð nr. 135/2015. Nú er það svo að innflutningsaðili sendir beiðni til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins um innflutning frjóeggja. Ráðuneytið sendir beiðnina til MAST sem annast gagnaöflun og sendir síðan í ráðuneytið sem gefur leyfið út. Lagt er til að innflutningsaðili sækir um leyfið til MAST. Auðvelt er að stytta þessar boðleiðir enda verður ráðuneytið alfarið að treysta gagnaöflun frá MAST.

Frjóegg eru flutt til landsins reglulega, 14. sinnum á ári frá viðurkenndum útungunarstöðvum. Margra ára reynsla og þekking er komin frá erlendum söluaðilum, MAST og innflutningsaðilum.

Einföldun eftirlits MAST

Innflutningur frjóeggja til Íslands, eftirlit dýralækna:

Að ekki verði lengur dýralæknir á Keflavíkurflugvelli í hvert sinn sem frjóegg komi til landsins. Þetta eftirlit virðist vera tilkomið frá MAST en finnst ekki í reglugerð. Að dýralæknir mæti ef sérstaklega er beðið um og dýralæknir mæti í óvænt eftirlit t.d. einu sinni eða tvisvar á ári eða ef vitað er um og eitthvað er ábótavant á flughlaði.

Margar ástæður eru fyrir þessu:

- Sami dýralæknir er stundum að sinna lifandi dýrum sem eru að koma til landsins á sama tíma og eru líka að fara í einangrun, þetta er sjúkdómaáhrætti.
- Leyfilegt er að flytja inn til landsins egg til manneldis og þar virðast eiga að gilda aðrar reglur en öll vottorð sem fylgja frjóeggjum eru væntanlega mun ítarlegri og aðeins frá viðurkenndum sömu söluaðilum. Öll vottorð fylgja öllum sendingum í hvert skipti áður en gefið er leyfi fyrir innflutningi.
- Þetta er tímafrekt og langir biðtímar fyrir dýralækni, bæði undan og á eftir að eggjafarmurinn er lestaður í bíl.
- Það virðist vera mismunur á eftirliti frá MAST á flughlaði eftir því hvað er verið að flytja til landsins.

Gjaldskrár verði samræmdar

Að samræmd verði gjaldskrá vegna úttekta og starfsleyfa á alifuglahúsum. Reglum var breytt árið 2017. En heilbrigðiseftirlitin annast úttektir alifuglahúsa að 40.000 „stæðum“ ef hús eru stærri þarf að sækja um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar. Við það hækkar kostnaður við útgáfu starfsleyfis gríðarlega og allir verkferlar verða mun þyngrir og taka lengri tíma án



skýringa. Einnig hækkar eftirlitsgjaldið gríðarlega eða frá nær kr. 100.000 hjá heilbrigðiseftirliti í kr. 705.000 hjá UST. Umfang þessara tveggja eftirlita er mjög sambærilegt.

Félag svínabænda

Félag svínabænda vill koma eftirfarandi atriðum að til einföldunar á regluverki greinarinnar:

Tryggja að slátrun fáið á hverjum tíma. Regluverk á hverjum tíma tryggi það að bændur geti fengið slátranir fyrir sína gripi og að velferð dýra sé ekki stefnt í hættu vegna utanaðkomandi aðstæðna. Afar mikilvægt er að komið sé í veg fyrir að það ástand geti skapast aftur sem varð með verkfalli dýralækna árið 2015. En verkfallið stóð í tæpar 10 vikur og það hafði áhrif á bæði velferð dýra og hag bænda. Hér er að sjálfsögðu ekki verið að taka afstöðu gegn kjarabaráttu dýralækna en ljóst að það verður að finna henni annan farveg.

Reglugerð um merkingar búfjár 916/2012. Í 8. gr. koma fram undanþágur sem greinin hefur til að komast hjá því að merkja grísi til slátrunar. Hér er rétt að hafa í huga að einstaklingsmerking grísa er sársaukafull aðgerð og því æskilegt að komast hjá því ef nokkur kostur er. Hér er lagt til að slakað sé á undanþágum til að komast hjá því að einstaklingsmerkja grísi. Á Íslandi eru fáir framleiðendur og enn færi sláturhús og því vart þörf á því að hafa svona strangar undanþágur.

Reglugerð um innflutning á djúpfrystu svínasæði 560/2010. Án þess að Félag svínabænda vilji gefa neina afslætti á þeim heilnæmiskröfum sem gerðar eru til innflutts erfðaefnis er ljóst að laga þarf þessa reglugerð að nútímanum. Í 4. gr. um heilsufar sæðisgjafa kemur fram að ”*Aðeins er heimilt að flytja til landsins djúpfryst sæði úr heilbrigðum göltum, sem skoðaðir hafa verið af embættisdýralækni, frá viðurkenndum sæðingarstöðvum í Noregi.*” Eða m.ö.o. einungis er hægt að kaupa erfðaefni frá Noregi. Nú er svo komið að það kostar bóndann um 75 þúsund krónur að sæða eina gyltu. Þetta er tugfaldur kostnaður á við það sem kollegar okkar erlendis þurfa að greiða. Uppistaðan í þessum kostnaði er áskriftargjald sem þarf að greiða TopigsNorsvin fyrir aðgang að erfðaefni. Hér er lagt til að eftirfarandi texti verði felldur niður, ”*frá viðurkenndum sæðingarstöðvum í Noregi*”. Nú síðast í vor lenti greinin í því að landið lokaðist fyrir aðgangi að erfðaefni þar sem nýr sjúkdómur greindist í Noregi (PRCV-veiki) með tilheyrandi töfum og tjóni. Það hafa orðið gríðarlegar framfarir í skimun fyrir bakteríum og



veirum í sæði þ.a. með nútímataekni opnast möguleikar á innflutningi á sæði frá fleiri löndum án þess að hætta aukist á því að sjúkdómar berist með erfðæfninu.

Einfalda eftirlit MAST. Lagt er til að fóðureftirlit MAST sé sameinað dýraeftirliti. Þetta myndi spara bæði bændum og MAST fjármuni án þess að það kæmi niður á gæðum eftirlitsins. En að mati Félags svínabænda eru eftirlitsdýralæknar fullfærir um að sinna fóðureftirliti samhliða dýraeftirliti.

Samræma eftirlit MAST á milli umdæma. Dæmi eru um að framkvæmd eftirlits sé mismunandi á milli umdæma. Lagt er til að dýralæknir svínasjúkdóma komi ætíð í allar eftirlitsheimsóknir inn á búin til að tryggja samræmi í eftirliti.

Reglugerð um eldihús alifugla, loðdýra og svína 520/2015.

- 5. gr. felur í sér að haugtankar skuli vera lokaðir, ekki eru gerðar slíkar kröfur í öðrum búgreinum, hér hlýtur að þurfa að gæta jafnræðis.
- Fjarlægðarmörk í 6. gr eru margföld á við það sem gildir um svínarækt í öðrum löndum. Fullt tilefni er til að endurmeta þetta til samræmis við nágrannalöndin.

Álagning bólu efna og lyfja á heildsölu og smásölustigi. Er nauðsynlegt að endurskoða og lækka hámarksálagningu á báðum stigum þ.a. ekki sé innbyggður hvati til sölu. Í nágrannalöndunum er þakið mun lægra og eðlilegt að horft sé til þess að jafna samkeppnisstöðuna.

Reglugerð um velferð svína 1276/2014. Félag svínabænda hefur ítrekað bent á og óskað eftir afstöðu ANR og/eða MAST á nokkrum álitamálum sem snúa að reglugerð um velferð svína, óskað er eftir að eftirfarandi atriði verði tekin til skoðunar:

- 7.gr. ” Ávallt skal tryggja öllum svínum aðgengi að nægilegum hálm eða öðru efni sem gerir þeim kleift að róta eða krefsa og/eða sem uppfyllir þarfir þeirra til þessara athafna. ” Félag svínabænda hefur ítrekað kallað eftir leiðbeiningum um það hvað telst nægilegt magn í þessu tilviki. Þá er mjög vandséð hvernig greinin á að geta nálgast hálm (eða önnur efni) af þeim gæðum og eiginleikum innanlands til að uppfylla þetta ákvæði reglugerðarinnar. Nærtækast gæti því orðið að flytja hálm inn til landsins sem hefði í för með sér auknar líkur á að



smitsjúkdómar myndu berast inn á búin. Vissulega er jákvætt að auka undirburð en nokkuð vandséð m.v. þær aðstæður sem greinin býr við í dag hvernig það á að eiga sér stað í reynd.

- *Viðauki II A stústærðir og legurými 1. Fráfæru-, eldis- sláturgrísir í hópum.* Hér á reyndar eftir að uppfæra reglugerðina sem er aðgengileg á netinu en henni var breytt í þá veru að legurými væri ætíð 2/3 af heildarrými (var áður allt að 83%). Almennt er þetta hlutfall 1/3 af heildarrými í löndum ESB þó undantekningar finnist á því. Félag svínabænda hefur áhyggjur af því að svona stórt hlutfall með lokuðu gólfi (legurými) geti leitt af sér vanþrif á eldisgrísu.

Samband garðyrkjubænda (SG)

Ábending um endurskoðun byggingareglugerðar er varðar gróðurhúsabyggingar. Erindið hefur verið sent félags- og barnamálaráðherra en honum hefur einnig borist samhljóða erindi frá Landssamtökum skógareigenda.

Ábending um að nauðsynlegt sé að ráðast þegar í endurskoðun á reglugerð um innflutning- og útflutning á plöntum nr. 189/1990. Brýnt er að endurskoða reglugerðina til að styrkja eftirlit og heimildir Matvælastofnunar og bregðast við ýmsum breytingum og upplýsingum sem komið hafa í ljós, m.a. varðandi plöntusjúkdóma, síðan reglugerðin var sett.

Ábending um eftirlitskostnað. Eftirlit með frumframleiðslu er í höndum heilbrigðiseftirlita. Ýmis konar eftirlit er haft með framleiðslunni, m.a. eru tekin sýni til skimunar fyrir varnarefnum í matvælum en Matvælastofnun gefur út sýnatökuáætlun ár hvert í samræmi við Evrópskar áherslur. Það getur vart talist eðlilegt að hvert einstakt sýni sem sent er til greiningar kosti u.þ.b. 100.000 íslenskar krónur hjá Matís á meðan sambærileg greining sem unnin er t.d. hjá Eurofins kostar um 162 evrur eða fjórum sinnum minna.² Garðyrkjubændur eiga reikninga þessu til staðfestu. Augljóslega má draga úr þeim eftirlitskostnaði sem þessar dýru sýnatökur hafa í för með sér, auka og bæta þannig eftirlit og hag neytenda og framleiðenda.

Samband íslenskra loðdýrabænda (SÍL)

Gildandi reglugerð um minkarækt nr. 1277/2014 var gerð eftir að nýju dýraverndunarlögin tóku gildi og er hún því frekar nýleg. Hún byggir mjög á Evrópureglugerðinni og það er einnig til bóta. fyrir bændur.

² Sjá www.eurofins.com



Reglugerð 785/1990 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. SÍL veltir fyrir sér hvers vegna minkabændur falli undir hana? Mögulega er það vegna skítsins en af hverju er þar ekki samræmt kerfi yfir allar greinar landbúnaðar.

Í tilfalli minkaræktar kostar þetta það að Heilbrigðiseftirlitið kemur stundum á búin og/eða kemur ekki, en alltaf kemur nú reikningur 20-30 þúsund á ári. Í eftirliti heilbrigðiseftirlita hefur glögglega komið fram að takmörkuð þekking er þar á viðfangsefninu og eftirlitið því ómarkvisst eftir því. Hér er að mati minkabænda þörf á að samræma eftirlit og láta af óþarfri gjaldtöku, ekki síst vegna þess að í kjölfarið koma fulltrúar frá Matvælastofnun og athuga að miklu leyti það sama. Eini munurinn er sá að þau ár sem þeir koma ekki kemur ekki reikningur.

Við þetta má bæta að nú eru minkabú á Íslandi sem selja vilja skinn sín á alþjóðlegum mörkuðum skyldug að undirgangast eftirlit sem byggir á samræmdum kröfum uppboðshúsanna til dýravelferðar, búrastærðar og aðbúnaðar. Mjög ströng úttekt sem er framkvæmd af alþjóðavottunarfyrirtækinu Baltic Control. Standist menn úttekt eftir þrjár heimsóknir fá þeir stimpilinn WelFur. Til að viðhalda honum þarf svo eina heimsókn á ári frá þessu vottunarfyrirtæki. Það má spyrja hvort þessi stimpill dugi ekki, hvort virkilega sé þörf á því að fleiri eftirlitsaðilar og jafnvel margir votti sífellt sömu hlutina.

Hérlendis gilda strangar kröfur um urðun ef afföll verða á búfénaði. Erlendis eru þær reglur víða mun rýmri. Með hliðsjón af auknum kröfum til urðunar á lífrænum úrgangi á urðunarstöðum og banni, má velta fyrir sér hvort rétt væri að leyfa bændum að urða að settum ákveðnum skilyrðum, að því tilskyldu að viðkomandi bú sé með öll önnur tilskilin framleiðsluleyfi og viðeigandi vottaða ferla?

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands


Guðrún Vaka Steingrimsdóttir